



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 28. apríl 2025
2503001 ÁÓ

Efni: 2503001: Gunnarshólmi, ósk um meðferð máls vegna breytinga á vaxtarmörkum svæðisskipulags.

Vísað er til eftirfarandi bókunar 137. fundar svæðisskipulagsnefndar þann 11. apríl sl.:

2503001 - KÓP Gunnarshólmi Breytt svæðisskipulag-Vaxtamörk

Þann 7. mars 2025 barst svæðisskipulagsnefnd bréf frá verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogsbæjar, f.h. skipulagsfulltrúa bæjarins, þar sem óskað var eftir að svæðisskipulagsnefnd taki til meðferðar breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags fyrir Geirland og Gunnarshólma. Einnig fylgdu bréfinu drög að lýsingu vegna breytinganna, dags. 21. janúar 2025, ásamt fylgigögnum.

Erindið var kynnt á 136. fundi nefndarinnar þann 13. mars 2025 og svæðisskipulagsstjóra falið að greina málið frekar og vinna greiningu á sviðsmyndum fyrir áframhaldandi meðferð málsins og leggja fyrir næsta fund.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra.

Niðurstaða fundar:

Umræður.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að óska eftir frekari gögnum frá Kópavogsbæ til samræmis við fyrirliggjandi minnisblað og umræður á fundinum.

Svæðisskipulagsnefnd óskar hér með eftir frekari gögnum frá Kópavogsbæ varðandi eftirfarandi:

1. **Samræmi tillögunnar við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins:** Gerð sé frekari grein fyrir því hvernig fyrirhuguð svæðisskipulagsbreyting og þá einnig sú aðalskipulagsbreyting sem gert er ráð fyrir að fari fram samhliða, styðji við meginmarkmið og leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.
2. **Áhrif á byggðasamlög og löggæslu:** Gerð sé frekari grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á byggðasamlög höfuðborgarsvæðisins; Sorpu, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Strætó. Einnig er óskað eftir að gerð sé grein fyrir mögulegum kostnaði byggðasamlaganna vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Jafnframt er óskað eftir að gerð sé grein fyrir mögulegum áhrifum á starfsemi lögreglu.
3. **Áhrif á veitufyrirtæki og vega- og gatnakerfi.** Gerð sé grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðra áætlana á starfsemi veitufyrirtækja, vega- og gatnakerfi.
4. **Staðsetning svæðisins með tilliti til náttúruvár.** Þá er sérstaklega bent á að nauðsynlegt sé að skoða staðsetningu svæðisins nánar með tilliti til mögulegra eldsumbrota og skjálftavirkni á svæðinu. Óskað er eftir að gerð sé nánari grein fyrir staðsetningunni með tilliti til náttúruvár.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Í meðfylgjandi fylgiskjali er minnisblað svæðisskipulagsstjóra vegna erindisins, sem lagt var fyrir á 137. fundi svæðisskipulagsnefndar.

Óskað er eftir að svör berist á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst f.h. svæðisskipulagsnefndar,

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fylgigögn:

Minnisblað Greining sviðsmynda - KÓP Gunnarshólmi 2503001

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026